

Texti og myndir: Snævarr Guðmundsson

# Grand Dru

## Nótt undir stjörnunum

Þessi frásögn er um ferð á tindinn Grand Dru árið 1988. Hún hefði sennilega aldrei verið rituð nema vegna hvatningar Þorsteins Sæmundssonar stjörnufræðings, með þeim orðum að hún mætti ekki glatast. Hann vísaði til þess hvernig áhugi greinarhöfundar á stjörnufræði kviknaði. Viðfangsefnið hér er mest klifurferðin sjálf. Hann ítrekaði orð sín nokkrum sinnum áður en ég lét til leiðast að skrifa hana. Það rak mig síðan til að koma henni á framfæri að greinar, geymdar í skúffu eða tölvu, les enginn og því tímaeyðsla að rita slíkar.

Fjallasvæðið umhverfis Mont Blanc (4807 m), hæsta tind Vestur-Evrópu, einkennist af snarbröttum granítegjum sem hundruð tinda og klettanála raða sér á. Fjölmargir eru þaktir snjó og ís enda hæð þeirra víða 3500–4200 m yfir sjó. Á milli eru djúpir dalir og í þeim jöklar. Langs eftir fjallgarðinum, meðal annars yfir tind Mont Blanc, liggja landamæri Frakklands og Ítalíu og Sviss á landamæri norðan við hæsta hluta hans. Stærsti jökullinn í fjallgarðinum er Mer de Glace, Jökulhafið, sem hvílir Frakklandsmegin. Upptökin eru í 2400 m hæð í norðausturhlíðum Mont Blanc du Tacul (4248 m) og þröngum dölum, m. a. undir hrikalegum tindum Grandes Jorasses (4208 m). Jökulhafið skríður sjö km í hliðardal á milli Chamonix granítnálanna, Tacul- og Moines tindanna og stefnir norðvestur, hornrétt að Chamonix dal, sem er víðari og lægri. Stærsta byggðin í dalnum er bærinn Chamonix en skammt norðan hans stóð jökulsporður Mer de Glace á 18. og 19. öld. Jökullinn sést ekki lengur þaðan en rispaðar ávalar klappir og jökulgarður nærri La Praz vitna um nálægðina. Síðan hopaði jökullinn og hvílir sporðurinn nú framundan svípmiklum tindum Grand Charmoz (3445 m) og Aiguilles du Dru (3754 m) sem rísa meira en 1900 metrum ofar. Um þá síðastnefndu spurði franskir fjallaklifrarinn Michel Piola (1986):

*Hvern í Chamonix dal hefur ekki dreymt um að klífa hina fullkomnu granítspíru sem rís ofan skógarmarkanna?*

Svæðið er ríki alpklifraranna, hvað annað? Þeir koma hvert sumar og reyna sig í ævintýrlega bröttum hlíðum, klífa ögrandi ísveggi eða klettaleiðir á háa graníttinda. Það var ætlun mín ásamt Páli Sveinssyni og Guðmundi Helga Christensen, nokkra daga í ágúst 1988. Fjallið: Grand Dru, sá hærri tveggja samnefndra tinda. Hinn er Petit Dru (3733 m). Sögufrægir tindar í annálum fjallamenskunnar en hér er ekki rúm til að gera því skil. Markmið okkar var 750 m löng klifurleið á tindinn, nefnd Trident Pillar (TD+). Áætlunin var ganga í fjallaskála á fyrsta degi, klífa leiðina daginn eftir og halda samdægurs til byggða. Leiðin var fyrst klifin 21. september 1978 af frönskum fjallagörpum, Collangettes og Frachon.



Guðmundur Helgi Christensen



Bærinn Chamonix og frönsku alparnir norðan við tind Mont Blanc. Rauða táknið undir Dru tindunum sýnir hvar Carphoua-skáli er.

Lestin var tekin frá Chamonix í ferðamannamiðstöðina Montanvers, við Mer de Glace (1910 m y. s.). Lestarsporið er 5,1 km langt og byggt árið 1908. Jökuljaðarinn lá lengi við Montanvers en hefur hopað vegna loftslagshlúnunar. Eitt aðdráttarafið er manngerður íshellir. Eftir því sem jökullinn rýrnar verður sífellt lengra og hættulegra fyrir ferðamenn að komast að hellinum. Leið okkar lá hins vegar niður að jöklinum og þvert yfir að rótum Dru tindanna. Síðan kræklóttan stíg upp jaðarurð, grónar skriður og gnúðar klappir í Charpoua skála, í 2840 m hæð, meira en 1000 m ofar en Mer de Glace. Gangan þangað tók þrjár klukkustundir. Skálinn er undir klettakambi sunnan Charpoua jökuls, smájökli umgirtum svipmiklum tindum Dru, Sans Nom, Verte og Moines.

Við gistum í skálanum en skriðum á fætur kl. 03 að morgni. Dæmigert fyrir alpaklifur, vakna árla, innbyrða fábrotinn morgunverð og leggja af stað fyrir birtingu. Eins og vant var eftir of stutta hvíld, enda er stundum erfitt að festa svefn þegar ætlað er að vakna snemma. Ástæður þess að leggja af stað fyrir sólarupprás eru að fá langan dag en ekki síður að þegar sól ris þiðnar frosið bergmol og þá eykst grjóttflug ofan úr fjöllum. Hættan var einnig til staðar hér og ráðlegast að komast fyrir hættulega gilskorninga áður en birti af degi. Á jöklum verður snjórinn einnig meyr í sólskininu og gangan þyngri. Því er best að komast sem hæst meðan hann er harður. Eftir að hafa ferðbúist fórum við út í ískalt náttmyrkrið og eltum geislana af höfuðljósunum í átt að fjallsrótum. Þangað komum við klukkustund síðar, eftir að hafa gengið klettakambinn ofan skálans, svo þvert yfir jökultunguna undir fjallinu og brölt upp klappir undir hömrnum. Þá var tekið að lýsa af degi en sólin ekki risin yfir sjóndeildarhring. Þar fórum við í klettaklifurskó, mjúka með slétta sóla sem gefa gott grip á bergi en tróðum gönguskó í bakpoka. Reyndar hafði ég tekið mjúka hlaupaskó í stað gönguskóa til þess að létta byrði því hægt var að reyra mannbrodda á þá. Við þurftum þann búnað á leiðinni að fjallinu og í bakaleiðinni var niður snarbratta jökulbrekku að fara. Við bundum línu milli okkar, drögum fram venjubundinn

klifurbúnað og lögðum í klifrið um fimmleytið. Sá háttur var hafður að einn okkar fór fyrstur, leiddi klifrið eins og sagt er, en hinir klifruðu saman til hans. Við skiptumst á við að leiða klifrið. Leiðin var afar skemmtileg: hún lá upp snarhallandi graníthamra í fyrstu og inn í skuggsælt bratt horn, yfir eggjar og upp á hrygg. Stöðugt klifrað en eftir að sólin fór að skína og hita bergið komumst við hraðar yfir. Kappkosta þurfti að halda áætun svo vart gafst tími til þess að nærast. Leiðin er það löng að dagurinn nægir vart ef hægt er farið. Á Petit Dru sáu klifrarar á ferð, talsvert fyrir neðan tindinn. Líklega myndu þeir hína nótt á fjallinu vegna þess hve tímafrekt klifur virtist þeim framundan. Eftir samfellt klifur frá birtingu fram yfir hádegi var toppinum á Trident pillar náð. Enn var um 250 m klifur eftir á tindinn. Veðrið lék við okkur, sólin skein og logn var. Inni í hornum eða sprungum sem sólin náði ekki til var bergið gjarnan ískalt. Það kom ekki á óvart þegar svo hátt upp í fjöllin er komið. Loftið var lágur en þar sem sólin vermdi var bergið hlýtt viðkomu. Þegar líða tók að síðdegi og okkur að lengja eftir tindinum var Palli settur í að leiða klifrið enda eflidist hann með hverri spönn. 150 m neðan við tindinn var klifrið farið að segja til sín; fékk sinadrátt í fingurna, eitthvað sem ég hafði aldrei upplifað fyrr.

Að lokum, líklega á milli kl 15-16, náðum við klettaöxl fast við sjálfan tindinn. Höfðum klifrað 28 spannar á 11-12 stundum. Framundan var að skjótast síðasta spölinn á toppinn, sem sýndist héðan í seilingarfjarlægð. Við leystum af okkur línurnar og skildum eftir ásamt klifurbúnaði á klettaöxlinni. Síðustu sporin voru upp 30-40 m langa sakleysislega fönn, lítt bratta (30°) en meyra í síðdegissólinni. Við spörkuðum spor á sléttsóla klettaklifurskónum upp hana uns skafinn eyddist út á efsta klettinn. Þar var dvalið í um stundarfjórðung og útsýnis notið yfir alpatinda sem röðuðu sér hver af öðrum eins langt og auga eygði herna megin Mont Blanc. Langt neðan við var Chamonix í samnefndum dal, með húsum og vegum. Þorpið sjálft í 1035 m hæð, svo meira en 2700 hæðarmetrar skildu á milli. Ætlunin hafði verið að komast þangað fyrir myrkur



Aiguilles du Dru og Aiguilles Sans Nom (hæstur til v.). Grand Dru er hærri tindurinn (fyrir miðri mynd) en Petit Dru er aðeins rúmum 20 m lægri.

Myndin er tekin við Hvítavatn (Lac Blanc), undir Rauðutindum norður af Chamonix, í ágúst 2011.

en okkur var ljóst að dvelja þyrfti aðra nótt í Charpoua skála vegna þess hve lítið lifði af degi. Síðan var um að gera að draga djúpt andann og rólega, njóta augnabliksins, til þess að minna sig á hve einstakur staðurinn var sem maður sat á.

Svo kom tími til þess að halda niður. Fyrsta stig á fönnina gaf til kynna að spor sem við spörkuðum höfðu gaddfrosið. Á þeim skamma tíma sem tilverunnar var notið á tindinum hafði skuggi fallið á snjóinn og hann fraus strax. Þó brekkan væri ekki ýkja brött var feiknarlegt hengiflug fram af, sögufrægur norðurveggur Grand Dru og þar undir ísveggir, einir 1200 m niður á flatan jökul. Fönnin þraukaði á efstu brún hamraflugsins en handan við Chamonix-dalurinn í sjónlínu. Sporin voru nú sveillhál. Klettaklifurskórnrir eru viðnámsgóðir á bergi en sleipir á snjó eða ís. Dálítill klöpp stóð upp úr fast við brúnina. Ég mældi hana; hún yrði síðasta haldreipið. Ef örlög-in réði einhverjum okkar að renna úr glerhálum sporunum var síðasta örþrifaráð að grípa í klöppina áður en farið væri fram af. Ólíklega tækist það enda ekkert hald sem blasti við á henni. Hugurinn rann snögg til frásagna tveggja félaga í alpa-klúbbum sem höfðu, með nokkurra ára millibili, orðið vitni að mannsrapi í ölpunum. Óhugnaleg lýsing annars rann mér

í huga: fjallamaður stytta sér leið fyrir og renndi sér fótstriðu frá snjóhrygg en skrikaði á glerhörðum snjó. Hann rann af stað en reyndi að bremsa með ísöxinni. Snarpar örvæntingafullar tilraunir tókust ekki heldur jókst hraðinn. Þegar hann stefndi í urð var eins og honum féllust hendur og hætti. Hann flaug í loftköstum niður snarbratta snjóhliðina, úr sýn vitna (Þór Ægisson, 1978; Guðjón Ó Magnússon, munnleg frásögn 30. ágúst 2015). Sambærileg örlög gátu nú átt sér stað. Ég veit ekki hvað félagar mínir hugsuðu þessa stund, hef aldrei spurt þá. Við bökkuðum varfærnislega niður og notuðum sporin ofan við í fönninni til halds fyrir hendurnar. Hreyfðum ekki fót eftir að stigið var í spor til að renna ekki úr. Hver og einn upp á sjálfan sig kominn; ef eitthvað brygði út af gat enginn hjálpað. Jafn snögglega lauk þessu, við náðum á klettaöxlina, í öryggið þar sem línurnar og klifurbúnaðurinn var. Léttir, hlátur og kæti, og hófum strax undirbúning á að síga niður. Þetta ófyrirséða asnastrík kom ekki aftur til tals í ferðinni. Atvikið átti þó eftir að valda mér martröðum aftur og aftur, mörgum mánuðum og árum seinna. Þá hrökk ég upp úr svefni með andfælum við að renna úr sporunum og fram af. Eins og undirmeðvitundin hefði lokið úrvinnslu og ákveðið að refsa: áreita sífellt um hve tæpt var telft að óþörfu.



Útsýni frá Charpoua skála til Dent du Géant og Mont Blanc (t. h.) í síðdegissól.

Ferðin ofan af gekk annars vel. Við klöngruðumst niður þar sem land leyfði og sigum í klifurlínunum þar sem bratt var. Sig eru ætíð varasöm; línan hengd tvöföld í tryggingu, sem í fjöllunum er gjarnan bandlykkja fest um snös eða bundin í fleyg eða hnetu. Þegar allir hafa sigið línulengdina er togað í annan endann og línan dregin niður. Hættan er að þegar línan rennur út úr tryggingunni getur hún klemmst í sprungu eða vafist um bergsnös. Ef hún festist er eina ráðið að klifra aftur upp, losa hana eða í versta falli endurtaka sigið, eitthvað sem enginn vill. Því þarf að vera mjög vakandi, hafa línuna aldrei slaka og kippa í á réttu augnabliki. Sem betur fer þurftum við aldrei að standa í slíku niður þá 400 m sem síga þurfti ofan frá tindinum á brattan jökulinn við fjallsræturnar. Eftirminni-legt var gríðarstórt grjóthrun í Aiguille Sans Nom, nafnlausu tindinum, næst við Grand Dru. Risavaxnar bergblokkirnar féllu nokkur hundruð metra, skullu í hömrum og lokum jöklinum með miklum drunum.

Þegar niður á jökulinn kom, var skipt um skó og mannbroddar reyrðir undir. Að taka hlaupaskó í stað þyngri gönguskóa hafði létt bakpokann upp klifurleiðina. Niður 45° brattan jökulís var ákvörðunin tvíeggjuð og ekki hægt að mæla með. Við náðum í Charpoua skála milli kl 19 og 20 í lækkandi kvöldsól. Ljúft að fara úr skóm, létta bakpoka af herðum, teygja þreytta útlími og vita af góðri hvíld framundan. Í skálanum var pöntuð gisting en okkur synjað. Skálavörðurinn, kona á besta aldri, upplýsti að allar kojur væru fráteknaðar þá nóttina. Bót í máli að upp úr kl. 03 myndu nokkrar losna, þegar klifrarar héldu aftur út á vit ævintýrana. Hún bauð ullarteppi til að halda hita því ljóst var að við myndum sitja úti þangað til. Við nýttum síðustu mínútur sólskins til þess að þurrka boli og sokka og að undirbúa útiveruna undir beru lofti. Keyptum síðan máltíð og bjór (rándýrt) og skáluðum fyrir dagsverkinu.



Páll Sveinsson á leið upp Trident pillar.



Charpoua skáli.

Húmið læddist yfir Mer de Glace – þúsund metrum neðar – meðan efstu fjallseggjar voru roðaðar síðustu geislum sólar. Svo rökkuvudust tindarnir. Ró færðist yfir, gestir hurfu inn í hlýja hvílu, en við komum okkur fyrir á sylu framan skálans, eins þægilega og hægt var. Þreyta og sæla í lok eftirminnilegs dags hjálpaði til að slaka á. Vafði teppinu um mig enda kólnaði ört eftir að sólin settist. Fyrstu stjörnur birtust en útsýni til fjalla og hamraveggja réði enn athygli. Svo hurfu tindarnir hægt í myrkrið, samtímis og sífellt fleiri stjörnur birtust. Það virtust engin takmörk fyrir fjöldanum; vegna stjörnuskinsins varð ekki aldimm. Stjörnumergðin þakti hvelvinguna ofan við skuggamynd fjallanna. Vetrarbrautin - sem ég hafði aldrei séð frá þéttbýlinu heima - hún var þarna. Afgerandi bjart belti þvert yfir himinn. Ótrúleg sýn. Hugurinn drakk hana í sig mót-stöðulaust, ég varð orðlaus, agndofa, snortinn, bergnuminn. Björtustu stjörnur týndust í mergðina og vart hægt að mynda úr þeim stjörnumerki. Myrk geimský báru í skin vetrarbrautarinnar og tendruðu eins konar þríviddarskynjun. Loftsteinar leiftruðu í stuttum rákum yfir himininn af og til.

Fyrir um daginn hafði fljótfernisleg ákvörðun getað dregið dilk á eftir sér. Nokkrum tímum síðar hvelfdist yfir sýn ólík öðru sem ég hafði upplifað. Undarleg friðsæld ríkti undir seiðandi fegurð himinsins, svo djúpri, þögullu, hógværri. Félagarnir spurðu hvort ég vissi eitthvað um stjörnurnar? Nei, enginn okkar þekkti nokkuð um stjörnur. Skammarlegt, á þessum



Drutindarnir, séðir frá Mer de Glace.

stað, við svona tækifæri. Mörgum árum fyrr hafði tvíbura-bróðir minn kynnt mér heillandi stjörnur. Jafn hugfanginn klifari og ég var þá gat ekki hlustað. Merkilegt hvað ég þurfti mikla fyrirhöfn þurfi til að uppgötva og skynja veröldina, alheiminn.

Einhvern tíma um nóttina vorum við vaktir. Nokkrir skálagestir horfnir út í myrkrið, upp í fjöllin. Tímabært fyrir okkur að skreiðast inn í skála. Komumst við úr næturkuldunum í kojur sem þá stóðu auðar og féllum í svefn. Morguninn eftir stikluðum við slóðann niður frá Carpoua skála, yfir Mer de Glace, áleiðis í Montenvers og lestina. Tignarlegir alpatindar skörtuðu sínu fegursta í skínandi sól og logni. Gærdagurinn var dísæt minning en nóttin greypt í huga. Upplifun án hliðstæðrar reynslu. Ég þráði að vita meira um stjörnur. Fleira hafði aðdráttaraf en fjöll og líkamleg áreynsla. Trúi ekki öðru en að þetta kvöld hafi snert okkur alla þó það risti mig líklega dýpst. Fyrsta verk eftir heimkomu til Íslands, rúmri viku seinna, var í bókabúð og kaupa námsbækur um stjörnufræði. Tími kominn til að læra, kynnast því sem fyrir augu bar nóttina góðu.

Einhvern tíma seinna lærðist af Almanakinu að loftsteinarnir sem skreyttu hvelvinguna tilheyrðu Persíadráfunni. Þeir voru í árlegu hámarki þessa eftirminnilegu nótt. Dagurinn sem við klifum Grand Dru var 12. ágúst 1988.

Frá mínu sjónarhorni eru stjörnur og fjöll ólýsanlega tengd saman og ég get ekki skrifað um fjöll án þess að hugsa um stjörnur. En þegar ég hef lesið ýmislegt, sem skrifað hefur verið um fjöll, þá hefur mig furðað á hve lítið hefur verið minnst á stjörnur þar. Ég hef leitað ástæðnanna fyrir þessu, og ég held, að þær liggi í því, að fjallgöngumenn Evrópu sofa svo sjaldan undir beru lofti. Þess vegna hugsa þeir mikið um fjöllin, en lítið um stjörnurnar. – Younghusband, 1944.

#### Heimildir:

Piola, M (1986). A topoguide to the rock climbs of the Mont Blanc area. Milano. English version, Leicester. Distributed by Cordee, 1986.

Younghusband, F. (1944). Fjallið Everest – Baráttan við hæstu gnípu jarðar. Þýð. Skúli Skúlason. Snælandsútgáfan h.f. Reykjavík 1944.

Þór Ægisson (1978). Æfingaferð í Alpana. Tímarit Íslenski alpklúbbsins, nr 6, september 1978.



Útsýni á suðurvegg Petit Dru. Klifrari sést á óþekktri leið (nær) en einnig á Bonatti pillar (fjær), einni sögufrægustu klifurleið í ölpunum. Yfir 600 m hár hluti af hamrinum og 100 m breiður, sem Bonatti leiðin lá yfir, hurfu í gríðarmikla skriðu í júní 2005. Frá 1905 til 2011 urðu ellefu stór berghrun í Dru tindunum. Atburðirnir eru birtingarmynd hlýnandi loftslags því sífreri í sprungum á milli risavaxinna bergblokka leysir og þar sem veikleikar eru fyrir hrynja bergblokkir (Fort o.fl., 2009; Raveland & Deline, 2009).



Snævarr Guðmundsson 2015. Grand Dru – Nótt undir stjörnunum. *Ársrit Ísalp 2011-2015*. Bls 62–69. Vefslóð  
ritsins: <http://www.isalp.is/wp-content/uploads/2018/04/2015-final.pdf>